



Reglugerð um val á Hnefaleikafólki ársins

1. Markmið

Markmið þessara reglna er að skilgreina skýran, gagnsæjan og faglegan ramma um val á Hnefaleikafólki ársins hjá Hnefaleikasambandi Íslands.

Hnefaleikafólk ársins er sú tilnefning HNÍ sem fer áfram í kjör Íþróttamanns ársins samkvæmt verklagi ÍSÍ og Samtaka Íþróttafréttamanna.

2. Gjaldgengi

Til að teljast gjaldgengur til vals á Hnefaleikafólki ársins skal keppandi uppfylla öll eftirfarandi grunnskilyrði og að auki skilyrði í kafla 2.4.

2.1. Grunnskilyrði

Viðkomandi skal:

- Vera skráður í aðildarfélag Hnefaleikasambands Íslands (HNÍ) á viðkomandi keppnistímabili
- Hafa tekið þátt í viðurkenndum hnefaleikamótum á tímabilinu 1. Janúar – 31. Desember, samkvæmt reglum World Boxing og/eða HNÍ.

2.2. Tengsl við Ísland

Að auki skal keppandi uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- Vera íslenskur ríkisborgari, eða
- Vera gjaldgengur til að keppa fyrir hönd Íslands samkvæmt reglum World Boxing og HNÍ, eða,
- Hafa keppt á árinu fyrir hönd Íslands sem landsliðsmaður eða í landsliðsverkefnum samþykktum af HNÍ.

2.3. Keppnisbækur

Notkun keppnisbókar útgefni af erlendu hnefaleikasambandi útilokar ekki gjaldgengi, að því gefnu að skilyrði kafla 2.1 – 2.4 séu uppfyllt.

2.4. Undantekningarheimild

Stjórn HNÍ getur, að fenginni umsögn landsliðsnefndar, metið gjaldgengi einstaklings í undantekningartilvikum, enda liggi fyrir skýr, varanleg og rökstudd tengsl við íslenska hnefaleika.



3. Valforsendur

Við val á Hnefaleikafólki ársins skal horfa heildstætt til eftirfarandi þátta:

3.1. Alþjóðlegur árangur (veigamestur þáttur)

- a) Landsliðsverkefni
- b) Evrópumót og heimsmeistaramót
- c) Opin alþjóðleg mót, stig og verðlaun

Alþjóðlegur árangur skal ávallt vega þyngra en innlendur árangur.

3.2. Innlendur árangur

- a) Íslandsmeistaramót
- b) Bikarmótaröð HNÍ
- c) Önnur viðurkennd mót samkvæmt mótaskrá HNÍ

3.3. Gæði frammistöðu og mynd

- a) Gæði sigra og samræmi í árangri yfir árið
- b) Framkoma innan og utan hrings
- c) Fyrirmynd fyrir félag, HNÍ og íslenska hnefaleika

4. Flokkun móta (A–B–C)

Til að tryggja samræmda og gagnsæja framsetningu á afrekum eru mót flokkuð í A-, B- og C-flokk.

Flokkunin er leiðbeinandi við mat og framsetningu afreka, en felur ekki í sér formlegt stigakerfi og bindur ekki hendur kjósenda.

Flokkur	Lýsing
A-mót	Landsliðsverkefni, EM, HM, Continental Championships
B-mót	Opin alþjóðleg mót
C-mót	Innlend mót

Athugið:

B-mót geta jafnframt verið skráð í mismunandi flokka (A, B eða C) af mótshaldara eða alþjóðasambandi.

Við mat á árangri á B-mótum skal því einnig tekið tillit til þess í hvaða flokki viðkomandi mót er skráð, auk heildarmats á styrk mótsins, samkeppni og umfangi keppninnar.



5. Valferli

1. Landsliðsnefnd HNÍ tekur saman lista yfir gjaldgenga keppendur og helstu afrek þeirra.
2. Stjórn HNÍ staðfestir lokalista.
3. Aðildarfélög HNÍ kjósa, eitt atkvæði hvert.
4. Sá eða sú sem hlýtur flest atkvæði er valin/valinn Hnefaleikafólk ársins og tilnefnd/ur til kjörs Íþróttamanns ársins.

6. Jafntefli

Ef tveir eða fleiri keppendur hljóta jafnmörg atkvæði í kosningu aðildarfélaganna skal stjórn HNÍ taka lokaákvörðun um val á Hnefaleikafólki ársins.

Stjórn skal byggja ákvörðun sína á heildarmati á afrekum viðkomandi keppenda, með hliðsjón af valforsendum reglna þessara.

7. Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar af stjórn Hnefaleikasambands Íslands (HNÍ) þann 08.01.2026 og taka gildi frá og með þeim degi.